

Landsfundur Kvennalistans á Lýsuhóli á Snæfellsnesi:

HREYFING Í ÁTT AÐ MIÐSTÝRINGU

T - 8. 11. 188

Hugmyndafræði og efnahagsmál voru helstu umræðuefni landsfundar Samtaka um Kvennalista, sem haldinn var um helgina.

Hvað mesta athygli vekur er að á fundinum var samþykkt ályktun þess efnis að endurskoða starfreglur samtakanna og aðlaga þær breyttum aðstæðum. Í ályktuninni segir meðal annars að endurskoðunina skuli miða við það að framkvæmdaráð fái aukioð vægi sem pólitískur vettvangur grasrótarinnar, samnefnari heildarsamtakanna og eigi frumkvæði að stjórnmalumræðu og stefnumörkun milli landsfunda. Alkunnugt er að kvennalistakonur hafa ekki viljað líta á samtökin sem stjórnmalaflokk. Pessi samþykkt landsfundarins hlýtur að fela það í sér að „hreyfingin“ færst ner því að líkjast hefðbundnu skipulagi „gómlu flokkanna“. Hingað til hefur framkvæmdaráð verið skipað fimm konum en gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði þær ellefu, ein úr hverju kjördæmi, ein sem fulltrúiþingkvenna og tveir starfsmenn Kvennalistans.

A fundi sem kvennalistakonur héldu til að kynna fjölmöldum niðurstöður landsfundarins kom fram að framkvæmdaráðið hefur fram að þessu aðallega sinnt málum sem snúa að rekstri Kvennalistans. Pessi ályktun boðar hinsvegar það að ráðið snýr sér meira að



Frá blaðamannafundi Kvennalistans í gær.

Tímamund: Gunnar

pólitískri umræðu og axlar meiri ábyrgð fyrir samtökin í heild. Á fundinum sagði Ingibjörg Sólrun Gísladóttir að fundir framkvæmdaráðs væru öllum konum opnir, eins og allir fundir Kvennalistans, en þessi breyting væri viðbragð við því að Kvennalistinn færi stækkanandi.

Kristín Ástgeirs dóttir hélt mjög umtalaða ræðu á landsfundin Kvennalistans, þar sem hún gagnrýndi nokkra þætti í vinnubrögðum samtakanna. Til dæmis sagði Kristín að Kvennalistinn hefði verið illa undir það búinn að taka þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum í haust. Ástæða þess væri sú að þær

hefðu eytt sumrinu í ferðalög, farið á kvennaráðstefnu og kynnt Kvennalistann erlendis en ekki unnið að undirbúningi þess sem koma skyldi.

Varðandi stjórnarmyndunarviðræðurnar nefndi Kristín einnig að hennar mat væri það að samtökini hefðu farið illa út úr því máli hvað almenning varðaði og nauðsynlegt væri að gera verulegt áatak í því að sýna fram á að ekki hafi verið um kjarkleysi eða andúð á því að taka þátt í ríkisstjórnnum. Heldur hafi pólitískt mat ráðið úrslitum og það viðhorf að ekki væri hægt að hvika frá grundvallarprinsíppum.

ssh